

Ed.

556. Frumvarp til laga

[238. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands og ákvæðum þessara laga.

Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til.

2. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar. Þegar bankaráð tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni Stofnlánadeildar eða Byggingastofnunar landbúnaðarins, skulu fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Fulltrúar þessir og varamenn þeirra skulu tilnefndir til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn gildir sú tilnefnding til 31. desember 1976.

3. gr.

Bankaráð skal ráða deildinni forstöðumann og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi. Forstöðumaður gerir tillögur til bankastjórnar um lánveitingar deildarinnar samkvæmt reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um einstakar lánveitingar milli bankastjórnar og forstöðumanns, getur forstöðumaður skotið þeim ágreiningi til bankaráðs til endanlegrar ákvörðunar.

4. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum.
2. Álag á söluvörur landbúnaðarins, 1%, til ársloka 1980.

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðs-gjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

3. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvара, er nemi 1%, frá 1. júlí 1973 til ársloka 1980.

Gjald á vörur, sem ekki eru í verðlagsgrundvelli, skal miða við áætlað útsöluverð, séu þær ekki verðlagðar af Sexmannanefnd. Sólusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald samkvæmt 2. tl. þessarar gr. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.

4. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og samanlagðar tekjur samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar.
5. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

5. gr.

Stofnlánadeildin veitir lán til eftirtalinnar verkefna:

1. Til jarðakaupa.
2. Til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum.
3. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylrækt, loðdýrarækt og lax- og silungseldi.

Enn fremur skal hún lána til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

Einnig skal lána til heykögglaverka-smiðja og heypurrkunarstöðva, viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir; til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

6. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar setur henni útlánareglur, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þær skulu miða að því, að fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans stuðli að þeirri þróun, sem æskilegust er fyrir atvinnuveginum og þjóðarþvíð í heild.

Lánareglur deildarinnar skulu miða að þá, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma.

Þegar um viðurkenndan félagsskap er að ræða, nýtur hver aðili að búinu lána-réttinda sem sjálfstæður bóndi.

Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bú, og er þá heimilt að skipta lánunum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdina.

Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðal-kostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita hærri lán, eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstökum landssvæðum eða aðrar ástæður mæla sérstaklega með auknum stuðningi við viðkomandi framkvæmdir.

Til vélgrafinna skurða má lána allt að 85% kostnaðarverðs.

Njóti framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu.

Um ákvörðun lána skal stjórn deildarinnar hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánunum.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.

Eigi er heimilt að lána til framkvæmda, þó að á lögbýlum sé, ef þau eða framkvæmdirnar eru ekki notaðar til landbúnaðarframleiðslu. Á sama hátt ber að synja um lán til framkvæmda á býlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrir-sjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.

7. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofn-lánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofn-lánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja veð umbótanna til viðbótar veðgildi eignarinnar óbættar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarrétt-indum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem sláturhús, mjólkur-vinnslustöðvar, verkstæði o. þ. h.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til jarðakaupa, ræktunar eða byggingar íbúðarúsa, penings-húsa og geymsluhúsa á lögbýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja, véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð hrepps eða sýslufélags, ef nauð-synlegt þykir.

Hús og vélar eru því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Stofnlánadeild, að vá-tryggingarstofnun, sem deildin tekur gilda.

8. gr.

Lánstími skal vera 5—42 ár, eftir því til hvers lánað er. Lán til íbúðarhúsa má vera til allt að 42 ára, ef húsin eru talin byggð úr nægilega varanlegu efni. Lán til annarra nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda við ylrækt og lax- og silungsrækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsauka og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveða á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hvernar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til útihúsabygginga og íbúðarhúsabygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

9. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu álitni stjórnar Seðlabanka Íslands og stjórnar Stofnlánadeildarinnar, vexti af lánnum deildarinnar, sbr. lög nr. 4 1960, um efna-hagsmál. Vextir af lánnum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera $\frac{1}{2}\%$ lægri en af almennum lánnum deildarinnar.

Heimilt er að hafa mismunandi háa vexti af lánnum til sömu framkvæmdar, sbr. ákvæði 6. gr. Þá er heimilt að ákveða vexti af lánnum til vinnslustöðva, verkstæða og annarra slíkra framkvæmda hærrí en af almennum lánnum.

10. gr.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Eigi er Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði. Sama máli gegnir um verðtryggt innlent lánsfé, enda gangi slík lán til vinnslustöðva, vélakaupa og bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna.

11. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær, ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.

12. gr.

Lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum og samþykkt af Byggingastofnun landbúnaðarins.
2. Að lögð hafi verið fram lýsing á bæjarhúsum umsækjanda frá hlutaðeigandi byggingafulltrúa eða bygginganefndum, og beri sú lýsing vitni um, að endurbyggingar sé þörf.
3. Að fyrir liggi vottorð frá viðkomandi byggðaráði um, að býlið hafi framtíðarmöguleika, að íbúðarhúsið sé við hæfi þess og að húsið verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, rafleiðslur og annað það er tryggir framtíð þess.

Lán skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megj jafngilt nýju húsi til íbúðar.

13. gr.

Hemilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild landbúnaðarins fallnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef deildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi deildarinnar.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru deildinni.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

15. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldprotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeild landbúnaðarins, og skal stjórn hennar gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

16. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

17. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bændu til ársloka 1985 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bændu, er nemur 37,5% árlegri lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bændu framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöld-

um hans, enda á Stofnlánadeildin rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

18. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum.

II. KAFLI

19. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir framlög til byggingar nýrra íbúðarhúsa á lögbýlisjörðum utan þéttbýlis; ennfremur til byggingar íbúðarhúsa á garðyrkjubúum og smábýlum utan þéttbýlis, þar sem viðkomandi byggðaráð mælir með því og talið er, að viðkomandi býli verði til styrktar húskap og húsetu í byggðarlaginu. Ennfremur má veita styrk til endurbyggingar á eldri íbúðarhúsum.

Á hvert íbúðarhús má veita allt að 120 þús. kr. og 10% af samanlögðum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúsa, þó aldrei yfir 120 þús. kr.

Til þessarar styrkveitingar nýtur Stofnlánadeildin framlags úr ríkissjóði.

III. KAFLI

Um Byggingastofnun landbúnaðarins.

20. gr.

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

21. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðgjafarnefnd Byggingastofnunar landbúnaðarins. Nefndin skal vera stofnuninni til ráðuneytis um val verkefna.

22. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins, sem er formaður, dýralæknir, nautgriparæktarráðunautur, sauðfjárræktarráðunautur og maður með bítæknimenntun.

23. gr.

Heimilt er nefndinni, með samþykki landbúnaðarráðherra, að ráða sérfræðinga til rannsókna, sem nefndin telur nauðsynlegar.

Kostnaður við byggingarannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

24. gr.

Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru:

- a. Að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að forstöðumaður samþykki uppdrætti.
- b. Að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra.
- c. Að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita.
- d. Að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa.
- e. Að vinna í samráði við landbúnaðarráðuneytið og byggðaráð viðkomandi héraðs að skipulagi byggðar.
- f. Að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráðleggingar um fjárfestingu.

g. Að setja byggingafulltrúum erindisbréf í samráði við viðkomandi sýslunefndir, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. desember 1945.

25. gr.

Byggingastofnun landbúnaðarins skal heimilt að selja þjónustu sína gegn vægu gjaldi, með samþykki stjórnar Stofnlánadeildar.

Það fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, skal renna í sjóð, sem hafi það markmið að veita framlög til framkvæmda á nýjum hugmyndum um gerð gripahúsa og fyrirkomulag þeirra.

Sjóður þessi skal vera undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en styrkir skulu veittir að fengnum tillögum forstöðumanns Byggingastofnunarinnar.

26. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins, og skal hann vera arkitekt eða með hliðstæða menntun. Hann skal annast stjórn stofnunarinnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands.

Forstöðumaður ræður aðstoðarmenn að fengnu samþykki bankastjórnarinnar.

27. gr.

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, reglugerð um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl. fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 9. október 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

30. gr.

I. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1973.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi 1. janúar 1974. Frá 1. janúar 1974 falla úr gildi lög nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 29. september 1972, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 9 manna til að endurskoða lög nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum og önnur skyld lagaákvæði, eftir því sem nefndin teldi við þurfa.

Í skipunarbréfinu er svo mælt fyrir:

„Endurskoðunin skal við það miðuð, að Landnám ríkisins hætti starfsemi sinni sem sjálfstæð stofnun, en verkefni þess verði falin öðrum stofnunum, sem vinna í þágu landbúnaðarins, eftir því sem við á og hagkvæmt þykir.

Með endurskoðun á kafla laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins verði að því stefnt, að lánveitingar til landbúnaðarins verði til að stuðla að þeirri þróun, sem æskilegust er talin í landbúnaðinum hverju sinni. Skulu tillögurnar í þessu sambandi sniðnar í samræmi við þær hugmyndir um áætlanagerð um þróun landbúnaðarframleiðslunnar, sem settar voru fram í frumvarpi til laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., er lagt var fyrir síðasta Alþingi.

Þá skal nefndin taka til athugunar, hvort ekki sé æskilegt, að bændasamtökin fái aðild að stjórn lánasjóða landbúnaðarins á svipaðan hátt og t. d. iðnaðurinn á aðild að stjórn Iðnlánasjóðs, eða verði á einhvern hátt ráðgefandi aðili um stefnumótun í lánamálum til landbúnaðarins.“

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Gunnlaugur E. Briem, ráðuneytisstjóri, formaður.
Ágúst Þorvaldsson, alþingismaður.
Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda.
Halldór Pálsson, búnaðarmálastjóri.
Magnús Jónsson, alþingismaður.
Stefán H. Sigfússon, fulltrúi.
Stefán Valgeirsson, alþingismaður.
Þórhallur Tryggvason, skrifstofustjóri.
Þorvaldur G. Jónsson, fóðureftirlitsmaður.

Í samráði við landbúnaðarráðherra var Jónasi Jónssyni, aðstoðarmanni ráðherra, falið að vinna með nefndinni, og annaðist hann jafnframt ritarastörf.

Viðfangsefni nefndarinnar greinist í þrjá höfuðþætti: 1) Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjórn hennar og fjárhagsaðstaða. 2) Landnám ríkisins, skipan þeirra mála, er því eru falin í lögum. 3) Bygging og rekstur græn fóðurverksmiðja.

Nefndin samdi sérstakt frumvarp um heykögglaferksmiðjur ríkisins, og verður það lagt fyrir Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þriggja manna til að endurskoða eftirtalin lög.

1. Lög um kauprétt á jörðum, nr. 40 5. apríl 1948.
2. Ábúðarlög, nr. 36 29. marz 1961.
3. Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, nr. 102 21. desember 1967.
4. Lög um Jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54 27. apríl 1967.

Í nefnd þessa voru skipaðir Ásgeir Bjarnason alþingismaður, formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri og Árni Jónasson erindreki.

Nefnd þessi hefur samið frumvarp til jarðalaga, og var það sameiginlegt álit beggja nefndanna, að hagkvæmast væri, að verkefnum Landnáms ríkisins yrði ráðstafað í þeim lögum.

Fylgt er þeirri stefnu, að landbúnaðarráðuneytið taki við flestum verkefnum Landnámsins og eru ákvæði frumvarpsins, er að þessu líta, samín í samráði við Stofnlánadeildar og landnámsnefndina. Í athugasemdum við jarðalagafrumvarpið verður gerð grein fyrir tillögum nefndanna um þessi efni.

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Hér er lagt til, að gerðar verði breytingar á þremur meginatriðum, er varða Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þau varða: stjórn deildarinnar, fjármögnun hennar og lánareglur.

Stjórnaraðild bændasamtakanna.

Eitt virkasta tækið, sem hægt er að beita til að hafa áhrif á þróun landbúnaðarins, er stjórn á lánamálum hans. Með nýjum lánareglum, sem lagt er til að teknar verði upp, er farið inn á þá braut að samræma lánveitingastefnuna annarri stefnu-mörkun í landbúnaðarmálum, þannig að hún miði að þeirri þróun, sem æskilegust er talin fyrir atvinnuvegin og þjóðarhúsið í heild. Bændasamtökin eru sá aðili, sem hlýtur bæði að taka mikinn þátt í mörkun slíkrar stefnu, og bera hvað mesta ábyrgð á framkvæmd hennar. Því er hér orðið við þeirri ósk bændasamtakanna að veita þeim nokkra aðild að stjórn lánamála landbúnaðarins.

Kveðið er á um þessa stjórnaraðild bændasamtakanna í 2. gr. frumvarpsins þannig, að þegar bankaráð Búnaðarbanka Íslands tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni, er varða deildina, skuli kveðja til tvo fulltrúa bændasamtakanna, annan tilnefndan af Stéttarsambandi bænda og hinn af Búnaðarfélagi Íslands. Fulltrúar þessir skulu þá hafa full réttindi sem bankaráðsmenn. Er með þessu ætlað til, að fulltrúar bændasamtakanna geti fylgzt með þróun málefna Stofnlána-deildarinnar á hverjum tíma. Þeir taka þátt í könnun á og umræðum um málefni deildarinnar og öllum ákvörðunum, er varða deildina beint. Með þessu eru þó bankaráði Búnaðarbankans engar hömlur settar um það, að á almannum fundum þess verði gerð grein fyrir og rædd staða Stofnlánadeildar eins og annarra deilda bankans.

Hið aukna bankaráð ræður deildinni forstöðumann og setur honum erindisbréf. Annað starfsfólk deildarinnar yrði ráðið á sama hátt og starfsfólk bankans.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að Landnám ríkisins verði lagt niður. Landnámsstjóri hefur gefið faglega umsögn um lánsúmsóknir í umboði landnámsstjórnar. Eftir breytinguna verður að teljast eðlilegt, að við deildina yrði ráðinn búfróður maður með góða yfirsýn yfir landbúnaðinn í heild og ástand í sveitum landsins.

Fjármögnun deildarinnar.

Eins og glöggst kemur fram á meðfylgjandi yfirliti yfir útlán stofnlánadeildar, hefur fjárþörfin aukizt mjög mikið tvö síðastliðin ár, ef borið er saman við árabilið frá 1965—1970. Þessi hlutfallslega hækkun stafar þó ekki af því, að framkvæmdir hafi verið óeðlilega miklar þessi ár, heldur fyrst og fremst af þeim samdrætti, sem varð í framkvæmdum harðindaárin 1967—1970.

Útlán deildarinnar síðustu 11 árin hafa orðið sem hér segir:

Árið 1962	70.5 millj. kr.
— 1963	103.0 — —
— 1964	102.5 — —
— 1965	127.8 — —
— 1966	147.0 — —
— 1967	134.2 — —
— 1968	132.1 — —
— 1969	116.8 — —
— 1970	141.2 — —
— 1971	254.7 — —
— 1972	369.6 — —

Hefði hins vegar orðið jöfn hlutfallsleg hækkun, bæði vegna eðlilegrar aukningar í framkvæmdum og hækkaðs verðlags, má ætla, að þróunin hefði orðið svipuð því, sem hér greinir.

Áætluð þróun.

1966 voru útlánin 147.0 millj. kr.	
1967, miðað við 20%, hefðu þau orðið	176.4 millj. kr.
1968 — — 20% — — —	211.7 — —
1969 — — 30% — — —	275.2 — —
1970 — — 25% — — —	344.0 — —
1971 — — 20% — — —	412.8 — —
1972 — — 25% — — —	516.0 — —
1973 — — 25% — — —	645.0 — —

Hlutfallstölur, sem settar eru hér inn, eru að sjálfsögðu umdeilanlegar, en af þeim sést þó, að miðað við aðstæður er áætluð fjárþörf sjóðanna nú ekki óeðlileg.

Síðasta talan, þ. e. fyrir árið 1973, er svipuð og lánsfjárbörfin er áætluð nú í ár eftir þeim lánsbeiðnum, sem borizt hafa.

Til að lýsa því, hvernig hagur Stofnlánadeildar hefur þróast á undanförunum árum, er hér yfirlit um ráðstöfunarfé deildarinnar og hve hár hundraðshluti það hefur verið af heildarútlánunum hvers árs.

Ráðstöfunarfé undanförunum árum:

1968	Útlán deildarinnar voru þá	132.9 millj. kr.
	Lántökur 1968	72.8 — —
	Deildin hefur þá haft til ráðstöfunar af eigin fé eða 45.2% af útlánunum.	60.1 millj. kr.
1969	Útlán deildarinnar	116.8 millj. kr.
	Lántökur 1969 nettó	52.1 — —
	Deildin hefur þá haft til ráðstöfunar af eigin fé eða 55.3% af útlánunum.	64.7 millj. kr.
1970	Útlán	141.2 millj. kr.
	Lántökur 1970 nettó	77.7 — —
	Deildin hefur þá haft til ráðstöfunar af eigin fé eða 45% af útlánunum.	63.5 millj. kr.
1971	Útlán	254.7 millj. kr.
	Lántökur 1971	162.0 — —
	Deildin hafði þá til ráðstöfunar af eigin fé	92.7 millj. kr. eða 36.4% af útlánunum.
1972	Útlán	369.6 millj. kr.
	Lántökur	286.6 — —
	Deildin hafði þá til ráðstöfunar af eigin fé	83.0 millj. kr. eða 22.4% af útlánunum.
Áætlað fyrir 1973.		
	Útlánabörfin áætluð	643.4 millj. kr.
	Áætlað, að deildin hafi til ráðstöfunar af eigin fé .. eða 11.2% af áætlaðri útlánabörf.	71.7 millj. kr.

Þá hefur verið gerð áætlun um það, hvað ráðstöfunarfé deildarinnar gæti orðið 1974, miðað við þær sennilegustu forsendur, sem völ er á, og óbreytt ástand miðað við tekjuöflun. Áætlun þessi er birt í fylgiskjali I. En áætlað er þá, að ráðstöfunarfé deildarinnar verði aðeins 47.0 millj. kr.

Það, sem langmest hefur rýrt hag Stofnlánadeildar á undanförunum árum, eru erlendar lántökur og þau stórfelldu gengistöp, sem hún hefur orðið fyrir. Á fylgiskjali II er gefið yfirlit yfir þessar lántökur. Á yfirliti þessu sést, að þrátt fyrir það, að lán þessi, sem tekin hafa verið síðan 1953, hafi stöðugt verið greidd niður, eru eftirstöðvar þeirra nú snöggtum hærrí en samanlagt nafnverð þeirra var á lán-tökutímanum.

Eftirstöðvarnar eru nú 275 millj. kr., en nafnverð lánanna við lántöku 195 millj. kr. Á þessu tímabili hefur deildin greitt samtals 290 millj. kr. í afborganir af þessum lánunum.

Það hefur einnig rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar verulega, að hún hefur orðið að taka að láni fjármagn, sem bæði hefur verið á hærri vöxtum og lánað til skemmri tíma en deildin hefur síðan endurlánað það. Í fylgiskjölum III og IV er yfirlit yfir það, hvernig þessi þróun hefur orðið síðustu árin.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um tekjuöflunarstofna deildarinnar. Þeir eru sem hér segir:

1. liður. Fast árlegt framlag ríkissjóðs er nú lagt til að verði 25 milljónir króna. Samkvæmt gildandi lögum er þetta framlag 4 millj. kr. Þessari föstu fjárveitingu til deildarinnar er ætlað að bæta henni þann vaxtamismun, sem hún verður að bera af því fjármagni, sem hún hefur að láni, en endurlánar með lægri vöxtum. Eins og nú er, mun láta nærri, að upphæðin svari til þessa taps. Síðar verður að taka þetta til endurskoðunar, þegar í ljós kemur, hve mikill slíkur vaxtamunur verður, eftir að nýjar lánareglur hafa tekið gildi.

2. liður. 4. gr. kveður á um, að leggja skuli 1% álag á söluvörur landbúnaðarins. Þetta er framlag bænda sjálfra til deildarinnar og er það sama og nú er í gildandi lögum, nema hvað nú er lagt til, að það verði óbreytt til 1980, en átti að lækka um 0,25% á árinu 1976.

3. liður kveður á um gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og heildsöluverð annarra landbúnaðarafurða. Gjald þetta verður nú 1%, en er 0,75% í gildandi lögum. Það skal haldast það sama til 1980, eins og í gildandi lögum.

Samkvæmt 4. lið greinarinnar á ríkissjóður að leggja fram mótframlag, er nemi sömu upphæð og tekjurnar verða eftir 2. og 3. lið. Í gildandi lögum leggur ríkissjóður aðeins framlag á móti 1% gjaldi því, er bændur greiða.

Eftir þessu má áætla, að tekjur þessar yrðu sem hér segir, og er þá miðað við ársgrundvöll:

1. Samkvæmt 2. lið 1973	40 millj. kr.
— — — 1974	52 — —
2. Samkvæmt 3. lið 1973	33 — —
— — — 1974	42 — —
3. Samkvæmt 4. lið 1973	73 — —
— — — 1974	94 — —

Að óbreyttum lögum yrðu samsvarandi tekjur árið 1973 105 millj. kr., en árið 1974 134,5 millj. kr.

Útlánareglur.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um, að deildinni verði settar útlánareglur. Meginbreytingin frá gildandi lögum er sú, að reglurnar miðist við það, að bændur, sem hafa minni bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, njóti beztu lána-kjara að því marki, er þeir hafa náð slíkri bústærð. Þegar komið er fram yfir þetta mark, er heimild til þess, að hluti af lánunum verði á kjörum, sem svara til kostnaðarverðs fjármagnsins hverju sinni. Þegar um viðurkennd félagsbú er að ræða, deilist bústærðin eðlilega á aðila félagsbúsins. Þá eru ákvæði um, að þegar sérstaklega stendur á og talið er, að nauðsyn beri til að örva framleiðslu í ákveðnum greinum og/eða á ákveðnum svæðum, sé heimilt að hækka hundraðshluta lánanna og veita að láni allt að 70% af kostnaðarverði framkvæmdanna.

Með þessum ákvæðum er þeim, sem setja sjóðnum lánareglur, gert kleift að aðlaga þær þeirri stefnu í landbúnaðarmálum, sem mörkuð er hverju sinni, og jafnframt stefna að því marki, að Stofnlánadeildin eflist og geti betur gegnt hlutverki sínu í framtíðinni.

Í 8. gr. eru ákvæði, sem heimila, að þegar sérstaklega stendur á, sé heimilt að hafa lán til íbúðarhúsa og útihúsabygginga afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Er með þessu hugsað, að í vissum tilfellum, svo sem þegar um frumbýlinga er að ræða, sem erfiðar

aðstæður hafa, megi beita þessu ákvæði. En um það yrðu stjórnendur deildarinnar að skapa sér fastar reglur.

Í 9. gr., sem fjallar um vexti af lánum úr Stofnlánadeild, er heimild, sem er í samræmi við ákvæði 6. gr. um, að ákveða megi misháa vexti af lánum deildarinnar. Með ákvæðum þessara tveggja greina er mörkuð sú stefna, að lán til vinnslustöðva og annarra framkvæmda, sem ekki eru á vegum einstakra bænda, verði á þeim kjörum, að þau valdi deildinni ekki sérstökum kostnaðarauka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi kemur í stað 1. og 2. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og er efnislega nær samhljóða þeim.

Um 2. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til hinna almennu athugasemda við frumvarpið.

Um 3. gr.

Hér er ákveðið, að yfir Stofnlánadeildina verði ráðinn sérstakur forstöðumaður, er geri tillögur um lánveitingar samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

Forstöðumanni Stofnlánadeildar er ákveðin sérstaða í Búnaðarbankanum. Hann getur leitað úrskurðar bankaráðs um einstakar lánveitingar, ef ágreiningur ris milli hans og bankastjórnanna um einstakar lánveitingar.

Um 4. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til hinna almennu athugasemda við frumvarpið.

Um 5. gr.

Auk þeirra verkefna, sem um ræðir í 6. gr. laga nr. 45/1971, er hér gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin veiti lán til jarðakaupa og til kaupa á þungavinnuvélum búnaðar- og ræktunarsambanda.

Um 6. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til hinnar almennu greinargerðar við frumvarpið.

Um 7. gr.

Greinin er nær samhljóða 8. gr. laga nr. 45/1971, að öðru leyti en því, að felld eru niður ákvæðin um bústofnsaukalán til hreppsfélaga, sem hafa ekki tíðkæpt og eru óraunhæf.

Um 8. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. laga nr. 45/1971, með viðaukum um, að lán til útihúsabygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Um 9. gr.

Þessi grein er samhljóða 10. gr. laga nr. 45/1971, með viðbót um heimild til ákvörðunar um mismunandi vaxtagreiðslur af lánum, og er það í samræmi við ákvæði 6. gr. frumvarpsins. Þá er heimilað að taka hærri vexti af lánum til vinnslustöðva og verkstæða en af almennum lánum.

Um 10. gr.

Lánsheimild Búnaðarbankans vegna Stofnlánadeildar í 12. gr. laga nr. 45/1971 er bundin við 300 millj. kr.

Hér er lagt til, að lánsheimildin sé ekki takmörkuð við ákveðna fjárhæð, heldur ákveðin hverju sinni í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. laga nr. 45/1971.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. og 14. gr. laga nr. 45/1971, með þeirri breytingu, að vottorðs byggðaráðs í stað landnámsstjórnar er krafizt um framtíðarmöguleika býlisins og að íbúðarhúsið sé við hæfi.

Um 13.—18. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 17.—20. gr. og 23.—24. gr. laga nr. 45/1971.

Um 19. gr.

Hér er veitt heimild til greiðslu sama framlags til byggingar íbúðarhúsa í sveitum, kr. 120 000.00, eins og ákveðið er í 1. tölulið 61. gr. laga nr. 45/1971.

Í frumvarpinu til jarðalaga er gert ráð fyrir fjárframlögum til sameiningar jarða og endurbyggingar eyðijarða. Í frumvarpi til laga um heyköggglaverksmiðjur ríkisins ræðir um byggingu heyköggglaverksmiðja. Hins vegar eru felldar niður styrkveitingar til byggingar gróðurhúsa og varmaveitna og til heypurrkunar, sem um ræðir í framangreindri 61. gr. laga nr. 45/1971.

Um 20.—27. gr.

XII. kafli laga nr. 45/1971 er tekinn óbreyttur í frumvarpið sem III. kafli.

Um 28.—29. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Vegna fjárskorts Stofnlánadeildarinnar ber nauðsyn til, að I. kafli frumvarpsins öðlist gildi 1. júlí 1973. Hins vegar þykir rétt, að önnur ákvæði frumvarpsins öðlist gildi á sama tíma og frumvarp til jarðalaga og frumvarp til laga um heyköggglaverksmiðjur ríkisins, eða 1. janúar 1974.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Áætlun:

Ráðstöfunarfé 1974.

Búa þarf til tölur fyrir árið 1973, til að unnt sé að áætla ráðstöfunarfé 1974.

Sé gert ráð fyrir, að útlán deildarinnar á árinu 1973 verði 570 millj. kr.

Til þess að mæta þeirri útlánafjárhæð þarf deildin að taka 500 millj. kr. lán á árinu 1973, því að reiknað er með, að deildin hafi um 70 millj. kr. af eigin rammleik.

Sé gert ráð fyrir, að þessi 500 millj. kr. lántaka verði í svipuðu formi og undanfarin ár, segjum 350 millj. kr. lántaka hjá Framkvæmasjóði og 150 millj. kr. lán til stutts tíma annars staðar frá.

Sé reiknað með þessu, má setja upp þessa áætlun fyrir 1974:

Innborganir:

Innheimt árgjöld:

Heildarútlán í árslok 1972	1 672 millj. kr.
Útlán 1973	570 millj. kr.
minus afborganir 1973	100 — —
	<hr/> 470 — —

Heildarútlán í árslok 1973	2 142 millj. kr.
Árgjaldainnheimta 1974 12% af heildarútlánunum í árslok 1973 ..	257.0 millj. kr.

Framlög:

Fast framlag ríkissjóðs	4 millj. kr.		
1% gjaldið	48 — —		
Mótframlag	48 — —		
0.75% gjaldið	30 — —		
		<hr/> 130.0	— —
Skyldusparnaður, lántökugjald, verðbréf		20.0	— —
Lántaka úr Lífeyrissjóði bænda		20.0	— —

Innborgað alls 427.0 millj. kr.

Útborganir:

Afborganir og vextir af skuldum:

Af eldri skuldum líkt og greitt var 1973	220 millj. kr.		
Afborgun 1974 af 60 millj. kr. láni í Seðlabanka, sem er afborgunarlaust 1973	13 — —		
Greiðsla 1974 af 350 millj. kr. láni 1973 hjá Framkv. s. j.	53 — —		
og af 150 millj. kr. láni 1973 til stutts tíma	43 — —		
		<hr/> 330.0	millj. kr.
Framlag til Lífeyrissjóðs bænda		20.0	— —
Kostnaður		30.0	— —

Útborgað alls 380.0 millj. kr.

Ráðstöfunarfé 1974 47.0 millj. kr.

Fylgiskjal II.**BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS****Erlend lán Stofnlánadeildar:**

	Fjárhæðir í ísl. kr. á lántökudegi
1. Skuldabréf útg. 25/9. 1953 US \$ 1 350 000.00	kr. 21 951 000.00
2. Skuldabréf útg. 25/7. 1955 £ 360 000-0-0	— 16 445 942.00
3. Skuldabréf útg. 16/5. 1957 \$ 1 230 012.30	— 20 000 000.00
4. Skuldabréf útg. 21/11. 1958 DM 479 735.32	— 2 900 000.00
5. Skuldabréf útg. 21/11. 1958 DM 1 075 268.82	— 6 500 000.00
6. Skuldabréf útg. 21/11. 1958 \$ 646 748.60	— 16 300 000.00

		Fjárhæðir í ísl. kr. á lántökudegi
7. Skuldabréf útg. 21/11. 1958		
\$ 281 712.40	kr.	7 100 000.00
8. Skuldabréf útg. 29/12. 1958		
\$ 242 034.68	—	6 100 000.00
9. Skuldabréf útg. 29/12. 1958		
DM 397 022.33	—	2 400 000.00
10. Skuldabréf útg. 10/11. 1960		
\$ 739 645.00	—	25 000 000.00
11. Skuldabréf útg. 31/12. 1964		
\$ 232 234.09	—	10 000 000.00
12. Skuldabréf útg. 10/11. 1965		
\$ 119 600.56	—	5 150 000.00
13. Skuldabréf útg. 10/11. 1965		
\$ 135 856.94	—	5 850 000.00
14. Skuldabréf útg. 19/12. 1966		
\$ 23 223.41	—	1 000 000.00
15. Skuldabréf útg. 9/11. 1966		
\$ 232 234.09	—	10 000 000.00
16. Skuldabréf útg. 3/9. 1968		
£ 139 551-19-3	—	19 000 000.00
17. Skuldabréf útg. 1/8. 1969		
DM 908 430.23	—	20 000 000.00

Alls kr. 195 696 942.00

Í árslok 1972 eru eftirstöðvar þessara lána um 275 millj. kr.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Vextir — inn og út —

Skv. ársreikningum.

	Greiddir vextir af skuldum Millj. kr.	Innkominir vextir af útlánum og öðru Millj. kr.
1968	48.6	51.3
1969	63.8	63.6
1970	65.4	65.6
1971	76.7	79.6
1972	80.4	83.9

Hér er aðeins tekið það, sem er bókhaldslega kallað vextir. Gengistöp ekki meðtekin.

Munurinn er mjög svipaður að krónutölu öll þessi ár.

Á sama tíma hefur varasjóður deildarinnar vaxið svo:

Var í árslok 1968	85	millj. kr.
— — — 1969	124.8	— —
— — — 1970	168.7	— —
— — — 1971	232.4	— —
— — — 1972	279.5	— —

Innkominir vextir hafa ekkert aukizt, þrátt fyrir þessa varasjóðsaukningu. Hærri vextir af skuldunum éta það allt upp.

Fylgiskjal IV.

RÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

	Innkomin árgjöld Afborganir og vextir Millj. kr.	Greiðslur af skuldum Afborganir og vextir Millj. kr.
1968	113.7	97.1
1969	144.0	126.7
1970	143.2	132.1
1971	160.9	139.7
1972	166.2	155.4
Áætlað:		
1973	200.0	220.0
1974	257.0	330.0